

Samkaup hf.  
b.t. Ómars Valdimarssonar forstjóra  
Krossmáa 4  
260 Reykjavík

Búðardalur, 24. ágúst 2020

(sent á netfangið [omarv@samkaup.is](mailto:omarv@samkaup.is) og [gunnar@samkaup.is](mailto:gunnar@samkaup.is))

**Efni:** Undirskriftalistar íbúa Dalabyggðar vegna verðlags í Krambúð í Búðardal

Íbúaar Dalabyggðar skora á Samkaup að breyta verslun sinni í Búðardal úr Krambúð í Kjörbúðina á ný, sjá meðfylgjandi undirskriftalista. *Síða er 320*

Á vefsíðu félagsins kemur fram að allar rekstareiningar Samkaupa séu reknar með sömu gildi að leiðarljósi en þau eru sveigjanleiki, kaupmennska og áræðni. Hvað sveigjanleika varðar kemur eftirfarandi fram: „Sveigjanleiki til að uppfylla fjölbreyttar þarfir viðskiptavina um allt land sem endurspeglar fjölbreytt en um leið vandað og hnitmiðað vörval á sanngjörnu verði.“ Íbúaar Dalabyggðar voru nokkuð ánægðir með Kjörbúðina og var fólk farið að koma nokkuð langt að til þess að eiga þar viðskipti enda vörval fjölbreytt og á sanngjörnu verði. Sem var í takt við tilgang Kjörbúðarinnar, þ.e. að bjóða gott úrvall og gera viðskiptavinum sínum um allt land kleift að versla daglega allar helstu nauðsynjavörur á samkeppnishæfu verði, svo sem fram kemur á vefsíðu Samkaupa. Þvert á gildi Samkaupa var Kjörbúðinni breytt í Krambúð, sem er með hæsta verð á matvöru á samkvæmt verðkönnun verðlagseftirlits ASÍ í lok júní, sem gerir það að verkum að ekki sé verið að mæta þörfum viðskiptavina Samkaupa um allt land né er verið að bjóða upp á vörval á sanngjörnu verði.

Íbúaar Dalabyggðar skora á Samkaup að virða gildin sín og bjóða íbúum Dalabyggðar og öðrum gestum upp á Kjörbúðina á ný og þar með sýna í leiðinni samfélagslega ábyrgð. Íbúaar vilja geta verslað í sinni heimabyggð í sátt og samlyndi. Margir heimamenn hafa hins vegar sniðgengið verslunina og munu halda því áfram nema Kjörbúðin komi á ný. Með fækkun ferðamanna þegar haustið og veturninn tekur við, með tilheyrandí áskorunum tengt covid, mun sú staða án efa hafa gríðarleg áhrif á innkomu verslunar Samkaupa í Búðardal. Vert er að nefna að samkvæmt upplýsingum var verslun Samkaupa í Búðardal á síðasta ári að gefa hvað mest af verslunum á landsbyggðinni, af þeim sökum er breytingin enn óskiljanlegri. Framangreindu hefur ekki verið mótmælt af Samkaupum fram að þessu.

Tímarnir breytast og mennirnir með, öll höfum við val, bæði hvernig við rekum fyrirtæki og við hvaða fyrirtæki við verslum við. Nú er árið 2020 þar sem gildi, heiðarleiki, samstaða og samfélagsleg ábyrgð hefur sjaldan skipt jafn miklu máli. Minnum á þá ábyrgðarstöðu sem Samkaup er í gagnvart íbúum í sveitarfélagini. Við skorum á Samkaup að snúa til baka og opna Kjörbúð á ný í Búðardal. Viðskiptin munu við það aukast hratt á ný. Það er hagur okkar allra að vinna saman og tryggja verslun í heimabyggð með sanngjörnu vörverði.

Óskað er eftir viðbrögðum og svari við bréfi þessu innan 14 daga.

F.h. þeirra sem undirrituðu

*Baldvin Guðmundsson*

Baldvin Már Guðmundsson

[siggaogbaddi@simnet.is](mailto:siggaogbaddi@simnet.is)

s: 868-4237